

Sp.

353. Breytingartillaga

við till. til þál. um undirbúning verklegra framkvæmda eftir styrjöldina og endurskoðun á skipulagi stóratvinnurekstrar í landinu.

Frá Gísla Sveinssyni, Jóni Sigurðssyni og Gísla Jónssyni.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna millipinganevnd til þess að gera áætlanir og tillögur um framkvæmdir í landinu, er núverandi styrjöld lýkur og hinn erlendi her hverfur á brott, með það fyrir augum, að atvinna og framleiðsla aukist, ekki aðeins í bráð, heldur einnig til frambúðar, svo og hvernig stóratvinnurekstri landsmanna verði bezt og tryggilegast fyrir komið.

Nefndinni er heimilt að taka sér til aðstoðar sérfróða menn í verkefnum þeim, sem henni eru falin í tillögu þessari. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Nefndin kys sér sjálf formann.